

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2001/EES/57/31

frá 7. janúar 1998

## um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir hreinlætispappírsvörur(\*)

(98/94/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB <sup>(1)</sup>, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að skilyrðin fyrir veitingu vistmerkisins [á umhverfismerkisins] skuli ákveðin fyrir hvern framleiðsluflokk.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að meta beri áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir vöruflokkinn.

Með ákvörðunum 94/924/EB <sup>(2)</sup> og 94/925/EB <sup>(3)</sup> setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir vegna veitingar vistmerkis bandalagsins fyrir salernispappír og eldhúsrúllur sem gilda, samkvæmt ákvæðum 3. gr. beggja ákvarðananna, til 14. nóvember 1997.

Rétt er að samþykkja nýja ákvörðun um vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þessa vöruflokka sem munu gilda í þrjú ár eftir að gildistími fyrri viðmiðana rennur út.

Rétt er að endurskoða viðmiðanirnar, sem voru settar með ákvörðunum 94/924/EB og 94/925/EB, þannig að þær endurspeglu þróun á markaðinum.

Sameina ber vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir salernispappír, eldhúsrúllur og aðrar hreinlætispappírsvörur þannig að þær megi finna í einu skjali.

Í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er enn fremur kveðið á um að ákvarða skuli vöruflokka, sérstakar viðmiðanir fyrir hvern vöruflokk og gildistíma hvers þeirra í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 7. gr., að lokinni þeirri tilhögun samráðs sem kveðið er á um í 6. gr.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sérstökum samráðsfundum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Vöruflokkurinn „hreinlætispappírsvörur“ (hér á eftir nefndur „vöruflokkurinn“) er skilgreindur þannig:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 19, 24.1.1998, bls. 77, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2001 frá 23. febrúar 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 22, 26.4.2001, bls. 17.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 364, 31. 12. 1994, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 364, 31. 12. 1994, bls. 32.

„Pappír í örkum eða rúllum, ætlaður til nota sem hreinlætispappír, til að draga upp vökva og/eða hreinsa óhreina fleti. Þessar pappírsvörur eru yfirleitt úr kreppappír eða upphleyptum pappír í einu lagi eða mörgum. Lagskiptar hreinlætispappírsvörur heyra ekki undir vöruflokkinn.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins, sem er skilgreindur í 1. gr., með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2000.

4. gr.

Í stjórnsýslunni úthlutar framkvæmdastjórnin þessum vöruflokki kenninúmerinu „004“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkanna.

Gjört í Brussel 7. janúar 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ritt BJERREGAARD

*framkvæmdastjóri.*